

RANNSÓKNASETUR VERSLUNARINNAR

*Fóla
verslun
2015
og jólagjöfin í ár*

JÓLAVERSLUN 2015

OG JÓLAGJÖFIN Í ÁR

Skýrsluna unnu:

Pálmar Þorsteinsson og Emil B. Karlsson

Rannsóknasetri verslunarinnar

Hönnun kápu:

Þorfinnur Sigurgeirsson

Nóvember 2015

Þeir sem nota efni úr skýrslunni eru góðfúslega
beðnir um að geta heimilda.

Bjart yfir jólaversluninni 2015

Forsendur eru fyrir meiri vexti í jólaverslun fyrir þessi jól en þau síðustu. Að undanfögnu hefur hlaupið aukinn vöxtur í veltu verslana, kaupmáttur launa hefur aukist og nýgerðir kjarasamningar eru líklegasta ástæða þess að væntingavísitalan fer stöðugt hækkandi og var í október 43% hærri en fyrir ári síðan. Á grundvelli þess vaxtar sem átt hefur sér stað í verslun undanfarið áætla Rannsóknasetur verslunarinnar að aukning í verslun yfir jólamánuðina verði um 7% að nafnverði frá síðustu jólum.

Verslun hefur vaxið jafnt og þétt allt frá hruni bankakerfisins. Dagvöruverslun er að magni til orðin meiri en fyrir hrun, en mismikill vöxtur er eftir flokkum sérvörur. Þó er greinilegt að neytendur endurnýja hjá sér húsgögn, heimilisbúnað og raftæki í mun meira mæli en þegar efnahagslífið var í sem mestri lægð.

Jólaverslun á netinu

Áberandi er að jólaverslun hefur verið að færast í meira mæli á netið. Ætla má að hluti neytenda kaupi allar jólagjafir eða hluta þeirra á netinu, ýmist frá innlendum eða erlendum netverslunum. Velta þeirra verslana sem skráðar eru í atvinnugreinaflokk netverslana hjá Hagstofunni var fyrir síðustu jól fjórum sinnum meiri en fimm árum áður og umtalsverður vöxtur er einnig í netverslun Íslendinga frá útlöndum.

Samkvæmt lauslegri könnun Rannsóknaseturs verslunarinnar áforma margar verslanir aukinn kraft í netverslun fyrir jólin. Þannig má til dæmis gera ráð fyrir að íslenskar verslanir reyni að innleiða þann erlenda verslunarmáta sem kenndur er við Svartan föstudag (Black Friday) og í kjölfarið Net-mánudag (Cyber Monday) í lok nóvember. Dagar þessir eru taldir vera formlegir upphafs dagar jólaverslunar í Bandaríkjunum, og nágrannaþjóðir okkar hafa verið að taka upp á undanförunum árum.

Emil B. Karlsson

Forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar

Spá um jólaverslunina


Aukinn vöxtur smásöluverslunar

Allt bendir til þess að verslun yfir jólamánuðina verði með góðu móti í ár. Heildarvelta í smásöluverslun nálgast óðum þær hæðir sem hún náði velmegunarárið 2007, þó enn sé hún um 11% minni að raunvirði. Í nýútkominni þjóðhagsspá Hagstofunnar kemur fram að atvinnuástand sé gott, samið hafi verið um miklar launahækkunarir á árinu og að kaupmáttur hafi farið vaxandi. Á sama tíma hafi hið opinbera lækkað efra þrep virðisaukaskatts og fellt niður vörugjöld á ýmsum neysluvörum. Aðgerðir stjórnvalda við að lækka húsnæðisskuldur heimila komust í framkvæmd við upphaf árs og með bættri skuldastöðu hafi ráðstöfunartekjur því aukist. Það er því ekki að undra að landsmenn líti björtum augum fram á veginn en væntingavísitala Gallup var 43% hærri nú í október en í fyrra. Vaxandi bjartsýni og velmegun þjóðarinnar birtist í auknum kaupum á bílum, raftækjum og ferðalögum. Það er því ekki ástæða til annars en að vænta líflegrar verslunar um jólin í ár.


Rannsóknasetur verslunarinnar áætlað að jólaverslun aukist um 7% frá síðasta ári að nafnvirði og að aukningin nemi 6,5% að magni til sé leiðrétt fyrir áætluðum verðhækkunum á tímabilinu.

Kaupmáttur hefur vaxið mikið á árinu og í september síðastliðnum nam hækkunin milli ára 6,2%. Vísitala kaupmáttar launa var þá 126,5 stig sem er hæsta gildi frá því mælingar hófust. Mikla aukningu kaupmáttar má fyrst og fremst rekja til mikilla launahækkana sem hafa orðið á árinu en launavísitala Hagstofunnar var 9% hærri í september en fyrir ári síðan. Á sama tíma hefur verðbólga verið lág það sem af er ári og verðlag stöðugt en því má að miklu leyti þakka styrkingu krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum og lækkanði heimsmarkaðsverði á hrávörum og olíu.


Ýmis teikn eru á lofti um að bætt kjör landsmanna skili sér í aukinni verslun. Einkaneysla jókst að nafnvirði um 5,5% á fyrri helmingi ársins og var samtals 534 milljarðar króna sem er 28 milljörðum meira en í fyrra. Velta smásöluverslunar var 4,7% meiri fyrstu sex mánuðina en vegna verðhjöðunar á fyrri hluta ársins var veltuaukningin meiri að raunvirði eða tæp 5%. Þrátt fyrir það var greiðslukortavelta innlendrar korthafa í verslunum hérlendis einungis lítillega meiri fyrstu níu mánuði ársins en á sama tíma í fyrra. Þá hefur verið töluverð aukning í innflutningi á varanlegum og hálf-varanlegum neysluvörum það sem af er ári. Fyrstu níu mánuði ársins var verðmæti þeirra 18% meira en á sama tíma í fyrra og ef fram fer sem horfir gæti innflutningur varanlegra og hálf-varanlegra neysluvara numið alls 50 milljörðum á árinu. Merki þessa má einnig finna í smásöluvísitölunni en sala á raftækjum, snjallsímum og húsgögnum hefur aukist mikið síðasta árið.




Mynd 1: Innflutningur varanlegra og hálf-varanlegra neysluvara fyrstu 9 mánuði ársins er 18% meiri en á sama tíma í fyrra. (Heimild: Hagstofa Íslands)



Mynd 2: Væntingavísitala Gallup var 43% hærri í október í ár en í fyrra og hefur ekki verið hærri síðan í ársbyrjun 2008. (Heimild: Capacent)




Mynd 3: Það sem af er ári hefur fataverslun verið svipuð og í fyrra en húsgagnaverslun hefur aftur á móti braggast nokkuð. Dagvöruverslun hefur verið að mestu óbreytt undanfarin ár. Línurnar sýna hlutfallslega þróun verðlags- og árstíðaleiðréttar veltu frá ársbyrjun 2008. (Heimild: Rannsóknasetur verslunarinnar)



Mynd 4: Aukning í veltu verslunar yfir jólamánuðina, nóvember og desember, að raunvirði. Því er spáð að velta yfir jólamánuðina aukist um 6,5% að raunvirði árið 2015. (Heimild: Hagstofa Íslands, velta samkvæmt virðisaukaskattsuppgjöri. Útreikningar og spá fyrir 2015 er gerð af Rannsóknasetri verslunarinnar.)

Athygli vekur að kortavelta Íslendinga erlendis er 15,8% meiri það sem af er ári en í fyrra. Að hluta til má rekja þá aukningu til aukinna ferðalaga Íslendinga erlendis. Talningar Ferðamálastofu á brottförum Íslendinga um Leifstöð benda til að þeim muni á árinu fjölga samtals um 10-11% milli ára. Líklegt má þó telja að aukin erlend kortanotkun skýrist að stórum hluta af því að Íslendingar versla nú í meiri mæli en áður á netinu. Íslenskri netverslun hefur vaxið fiskur um hrygg undanfarið en um það þarf ekki að fjölýrða að netverslun erlendis frá heggur skarð í íslenska smásöluverslun. Á meðan aukin tíðni utanlandsferða gefur merki um meiri hagsæld þá getur það leitt til minni verslunar hérlandis og því óvíst hvaða ályktun ber að draga af aukningu utanlandsferða á jólaverslunina.



Mynd 5: Velta smásöluverslana í nóvember og desember, á nafnvirði án virðisaukaskatts. Spáð er að velta aukist um 5 milljarða árið 2015. (Heimild: Hagstofa Íslands, velta samkvæmt virðisaukaskattsuppgjöri. Spá fyrir 2015 er gerð af Rannsóknasetri verslunarinnar.)

Það er spá Rannsóknaseturs verslunarinnar að velta smásöluverslunar í jólamánuðunum nóvember og desember aukist að raunvirði um 6,5% frá fyrra ári samanborið við tæp 4,9% í fyrra. Að nafnvirði aukist hún um 7% vegna verðlagshækkana á tímabilinu. Meginforsendur spár Rannsóknaseturs verslunarinnar er veltuþróun smásöluverslunar það sem af er árinu. Auk þess er höfð hliðsjón af öðrum þáttum sem hafa áhrif á verslun eins og kaupmætti og væntingum.

Hver Íslendingur ver að jafnaði um 45.000 kr. til jólainnkaupa

Rannsóknasetur verslunarinnar spáir því að velta í smásöluverslun í nóvember og desember verði um 89 milljarðar króna eða rúmir 76 milljarðar kr. án virðisaukaskatts og aukist þannig á breytilegu verðlagi um 7% milli ára. Þar af eru 15 milljarðar umfram meðaltal annarra mánaða ársins og má ætla að þeir séu vegna jólainnkaupa. Þetta jafngildir því að verslun þessa tvo mánuði verði rúmum 45.000 krónum meiri á mann umfram meðaltal annarra mánaða ársins sem gera 180.000 krónur fyrir fjögurra manna fjölskyldu.

Ætla má að verslun vegna jóla (velta umfram meðaltal annarra mánaða ársins) verði tæplega 15 milljarðar kr. fyrir þessi jól. Þannig má ætla að hver Íslendingur verji að meðaltali 45.000 kr. til innkaupa sem rekja má til árstímans.

Á mynd 5 má sjá hvernig velta smásöluverslana án virðisaukaskatts í nóvember og desember hefur þróast að nafnvirði frá árinu 2001. Áætlað er að velta smásöluverslana verði í ár 5 milljörðum hærri yfir jólamánuðina en í fyrra á breytilegu verðlagi. Það jafngildir 7% aukningu milli ára. Ef reiknað er með verðhækkunum á tímabilinu nemur aukningin 6,5%. Árið 2014 jókst velta smásöluverslana þessa tvo mánuði um 3 milljarða eða 4,5% frá sama tímabili árið áður. Þar sem verðlag var lægra jólamánuðina 2014 heldur en það var 2013 var raunaukningin milli ára meiri eða um 4,9%. Í ár er gert ráð fyrir að verðlag í nóvember og desember verði 0,5% hærra en í fyrra, mælt með neysluverðsvísitölu án húsnæðisliðar.

	Velta á mann kr.	Þar af vegna jóla kr.
Dagvörur	116.435	19.580
Sérvörur	152.747	25.686
Samtals	269.182	45.265

Tafla 1: Spá um veltu á mann í smásöluverslun í nóvember og desember 2015, með virðisaukaskatti, ásamt sundurliðun eftir vöruflokkum.

	Heildar- velta m.kr.	Þar af vegna jóla m.kr.
Dagvörur	38.583	6.488
Sérvörur	50.616	8.511
Samtals	89.198	14.999

Tafla 2: Spá um heildarveltu í smásöluverslun í nóvember og desember 2015, með virðisaukaskatti, ásamt sundurliðun eftir vöruflokkum.

Jólagjöfin í ár

Á undanförunum árum hefur notkun og útbreiðsla snjalltækja ýmskonar aukist til muna á sama tíma og geta þeirra til að miðla til okkar afþreyingarefni hefur tekið stakkaskiptum. Nú er svo komið að með tækniframförum og tilkomu tónlistarveita, rafbóka, hlaðvarpa og streymissíða hafa menningarsinnaðir tæknineytendur óendanlega uppsprettu dægradvalar í lófa sér. Símar og spjaldtölvur hafa í kjölfarið tekið við því hlutverki að vera gáttir okkar að menningu og afþreyingu, hvort sem er heima eða að heiman. Sá galli er þó á gjöf Njarðar að hljómburður snjalltækja veitir notandanum sjaldan færi á að njóta hljóðgæða hins stafræna efnis til fulls eða að deila upplifuninni með nærstöddum svo sómi sé að. Jólagjöf ársins 2015 er því:

„Þráðlausir hátalarar eða heyrnartól“

Með þráðlausum hátölurum eða heyrnartólum er hægt að njóta tónlistar, bókmennta eða kvikmynda í meiri gæðum en ella. Í dag kjósa neytendur í meiri mæli vegleg heyrnartól sem bjóða upp á mikil hljómgæði umfram smærri og nettari heyrnartól. Þráðlaus heyrnartól gefa notandanum færi á að njóta efnisins í einrúmi eða þegar taka þarf tillit til nærstaddra á meðan þráðlausir hátalarar veita möguleika á að deila upplifuninni með fjölskyldu og vinum. Rétt eins og snjalltækin eru hátalarar eða heyrnartól af þessu tagi þeirrar náttúru gædd að hægt er að taka þau með sér hvert á land sem er, eða njóta heima. Búast má við því að þeir þráðlausu hátalarar eða heyrnartól sem rati í jólapakkana í ár fylgi með í ferðalög og sumarbústaði á nýju ári eða stytti eigandanum stundir við vinnu og störf. Hátalararnir eru einnig margir hverjir fallegir á að líta og geta þannig jafnframt glatt augað. Búnaður sem þessi fæst á afar breiðu verðbili og því ætti fólk ekki að vera í vanda með að finna tæki sem gleður bæði viðtakanda og budduna.

Forsendur við val á jólagjöf ársins:

- Vara sem er vinsæl meðal neytenda
- Ný vara eða vara sem hefur vakið endurnýjaðan áhuga
- Vara sem selst vel
- Vara sem fellur vel að tíðarandanum



Mynd 6: Með þráðlausum heyrnartólum má njóta afþreyingar í góðum gæðum án þess að trufla nærstadda.



Mynd 7: Þráðlausir hátalarar eru af ýmsum stærðum og gerðum en allir gera þeir notandanum kleyft að njóta afþreyingar í betri hljóðgæðum. (Mynd: 9TO5Mac)

Valnefndin



Mynd 8: Jólagjafavalnefndin 2015. Frá vinstri á mynd: Sævar Kristinsson, rekstrarráðgjafi hjá KPMG, Baldvina Snælaugsdóttir, markaðsstjóri Kringlunnar, Vala Höskuldsdóttir, tónlistarkona, Harpa Theodórsdóttir, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og Gunnar Lárus Hjálmarsson (Dr. Gunni), tónlistarmaður.

Valnefndin hafði úr að velja fjölda hugmynda sem bárust nefndinni. Öllum þeim sem sendu hugmyndir eru þakkaðar góðar undirtektir.

Jólagjafir fyrri ára

- 2006 Ávaxta- og grænmetispressa
- 2007 GPS staðsetningatæki
- 2008 Íslensk hönnun
- 2009 Jákvæð upplifun
- 2010 Íslensk lopapeysa
- 2011 Spjaldtölva
- 2012 Íslensk tónlist
- 2013 Lífstílsbók
- 2014 Nytjalist
- 2015 Þráðlausir hátalarar eða heyrnartól

Helstu niðurstöður

- Áætlað er að jólaverslunin aukist um 7% frá síðasta ári. Leiðrétt fyrir verðhækkunum má ætla að hækkunin nemi um 6,5% að raunvirði.
- Áætlað er að heildarvelta í smásöluverslun í nóvember og desember verði tæplega 89 milljarðar króna án virðisaukaskatts.
- Ætla má að hver Íslendingur verji að meðaltali um 45.300 kr til innkaupa sem rekja má til jólahaldsins.
- Jólagjöfin í ár er er: Þráðlaus hátalari/heyrnatól

Hlutverk Rannsóknaseturs verslunarinnar er að stunda hagnýtar rannsóknir sem nýtast fyrirtækjum í verslun á Íslandi og safna og koma á framfæri tölfærðilegum upplýsingum um stöðu og þróun verslunar. Rannsóknasetrið vinnur einnig að eflingu kennslu á háskólastigi sem tengist verslun. Markmið Rannsóknasetursins er að auka fagmennsku í verslun og styrkja samkeppnishæfni verslunar-fyrirtækja í landinu.



**RANNSÓKNASETUR
VERSLUNARINNAR**

Háskólinn á Bifröst • 311 Borgarnesi • Sími 433 3000 • www.rsv.bifrost.is

Gefið út í nóvember 2015